

Með tilliti til þess, sem fram hefur komið í málnu, sbr. sérstaklega veðbókarvottorðið og framtöl aðiljanna, þykir ekki verða hjá því komizt, að taka útburðarkröfuna til greina. Verður ekki litið svo á, að málshöfðun gerðarþola fyrir bæjarþingi Reykjavíkur breyti neinu í þessu efni. Rétt þykir, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Því úrskurðast:

Umbeðin útburðargerð skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 16. október 1961.

Nr. 190/1960. **Sigurður Jóhann Ingibergsson**

(Hörður Ólafsson hdl.)

gegn

Vélsmiðjunni Héðni h/f

(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason og Lárus Jóhannesson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theódór B. Línal.

Skaðabótakrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 9. nóvember 1960 og fengið gjafsókn hér fyrir dómi. Hann gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 284.188.44 með 6% ársvöxtum frá 11. júní 1958 til 21. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 28. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað i héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda upp í málskostnað fyrir Hæstarétti kr. 5000.00.

Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 7000.00, greiðist úr rikissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurður Jóhann Ingibergsson, greiði stefnda, Vélsmiðjunni Héðni h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00. Laun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Harðar Ólafssonar héraðsdómslögmanns, kr. 7000.00, greiðist úr rikissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. október 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 29. f. m., hefur Sigurður Jóhann Ingibergsson vélvirkjanemi, Melhaga 10, Reykjavík, höfðað á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 23. september 1959, gegn Vélsmiðjunni Héðni h/f, Seljavegi 2, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 292.327.00, með 6% ársvöxtum frá 11. júní 1958 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Hinn 25. september 1959 var stefnanda veitt gjafsókn í málinu. Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar eftir mati dómarans. Málsatvik eru þessi:

Að morgni hins 11. júní 1958 var stefnandi, sem þá var nemi í vélvirkjun hjá stefnda, að vinna í frystihúsi h/f Júpíters og h/f Marz á Kirkjusandi í Reykjavík. Var hann ásamt tveim öðrum starfsmönnum stefnda, vélvirkjunum Þorbergi Þórarinssyni og Páli Arnari Péturssyni, að festa klemmur utan um frystivökvaslöngur í frystiherbergi hússins. Svo hagaði til, þar sem þeir voru að þessu verki, að um 10 frystipönnum er staflað upp í lóðréttaröð ofan á lyftitæki, sem staðsett er á gólfi. Eru margir slíkir pönnustaflar í einfaldri röð eftir endilöngu herberginu og lyftitæki undir

hverjum stafla. Meðfram pönnunum framanverðum er timburpíl frá lofti til gólfs, og eru dyr í þilið framan við hvern pönnustafla. Á pönnunum aftanverðum eru stútar, einn við hvort afturhorn. Er sverum gúmmíslöngum, sem flytja frystivökvann, smeygt upp á þessa stúta, en í hinn endann er slöngunum smeygt upp á stúta, sem áfastir eru frystiröri, sem rís lóðrétt upp, þar sem hverjir tveir pönnustaflar koma saman. Þegar slöngunum hefur verið fest á stútana, mynda þær hálfhring, og þar sem þær koma hver upp af annarri með jöfnu millibili, eru þær eins og feiknstórir gormar til að sjá. Aftan við þessar slöngur, sem segja má, að þeki næstum alveg bakhlið frystitækjanna upp í mannhæð frá gólfi, er 85 cm breiður gangur eftir endilöngu frystiherberginu. Út í gang þenna skaga með nokkurra metra millibili lóðréttar steinsúlur, og þrengist gangurinn mjög framundan þeim. Eins og fyrr var getið, var stefnandi og starfsfélagar hans að festa klemmur utan um slönguendana umræddan morgun. Í stuttu máli má lýsa slíkri klemmu þannig, að hún er mjór, hringlaga málmrenningur. Á öðrum enda þessa rennings er málmhylki, og er skrúfbolti með rauf í hausnum fyrir skrúfjárn skorðaður í hylki þessu. Inn í hylkið ofan á þann enda renningsins, sem það er áfast, en undir skrúfboltann, gengur hinn endi renningsins, og eru upphleyptar þverrákir á efra borði þess enda. Grípur skrúfboltinn í þessar rákir, þegar skrúfan er hert, og dregur endann að sér, en við það þrengist klemmuhringurinn. Stefnandi og félagar hans stóðu að þessu verki á ganginum á bak við slöngurnar. Eitt sinn er stefnandi var að herða skrúfu einnar klemmunnar, sem hann gizkar á, að hafi verið í um axlar hæð frá gólfi, skrikaði honum fótur með þeim afleiðingum, að skrúfjárníð, sem hann notaði við verkið, stakkst í opið hægri auga hans, og ónýttist augað.

Slys þetta var ekki rannsakað fyrr en í marz 1959 og þá að tilhlutun lögmanns stefnanda. Eru ekki aðrir til frásagnar um slysið en stefnandi og menn þeir, sem með honum unnu, er slysið varð. Hafa þeir allir staðfest skýrslur sínar fyrir dómi, stefnandi 1. febrúar 1960, en vitnin 19. apríl s. á.

Stefnandi skýrir svo frá, að er slysið varð, hafi hann verið búinn að festa margar klemmur. Kveðst hann hafa farið þannig að, að hann hafi beint skrúfjárninu skáhallt upp, en á þann hátt hafi verið þægilegast að herða skrúfurnar. Hann getur þess jafnframt, að hægt hafi verið að hagræða klemmunum til og beina skrúfjárninu í ýmsar áttir. Skrúfjárninu kveðst hann hafa beint frá sér. Hann kveðst hafa orðið að beita talsverðu átaki, er hann

herti skráfurnar, og því þurft að spyrna nokkuð í gólfið. Er hann var í þann mund að ljúka við að fullherða eina skráfuna, hafi annar fótur hans runnið til, en við það hafi skráfjárníð hrokkið af skráfuhausnum með fyrrgreindum afleiðingum. Um orsök þess, að stefnandi rann til, skýrir hann rannsóknarlögreglunni svo frá, að hann haldi, að því hafi valdið, að olía eða feiti hafi verið neðan á skóm sínum, en skammt frá þeim stað, þar sem þeir voru að vinnu sinni, hafi olía eða feiti verið á gólfinu og hafi þeir orðið að ganga þar yfir til þess að komast þangað, sem þeir voru að vinna. Feiti þessi hafi verið þannig til komin, að eitt lyftitækið hafi lekið nokkuð og feiti smitað út frá því nokkuð út á gólfið. Feiti hafi á hinn bóginn engin verið á gólfinu, þar sem þeir voru að vinna. Þá getur stefnandi þess, að vatnsbleyta hafi verið á gólfinu í frystiherberginu sökum þess, að verið var að þíða klaka af frystitækjunum. Er stefnandi var nánar inntur eftir orsökum slyssins fyrir dómi, skýrði hann svo frá, að hann hafi ekki vitað um olíu á gólfi frystiherbergisins, er slysið varð, heldur hafi honum verið sagt frá því eftir á, að olía hafi verið á gólfinu. Ekki kveðst stefnandi hafa verið búinn að finna fyrir því, áður en hann hrasaði, að hált væri á gólfinu.

Vitnið *Þorbergur Þórarinnsson* vélvirki kveðst hafa haft á hendi á vegum stefnda umsjón með verki því, er þeir stefnandi voru þarna að vinna við. Vitnið kveðst ekki hafa gefið stefnanda nein fyrirmæli um það, hvernig hann ætti að framkvæma verkið. Engar ákveðnar reglur séu til um það, hvernig fara eigi að við slíkt verk. Ráði þar mestu aðstaðan hverju sinni og þá jafnframt, hvernig sé þægilegast að haga verkinu. Vitnið segir, að eftir slysið hafi stefnandi tjáð því, að honum hefði skrikað fótur á hálu gólfinu og að við það hefði skráfjárníð hrokkið út af skráfunni með fyrrgreindum afleiðingum. Vitnið segir í skýrslu sinni til lögreglunnar, að vatnsbleyta hafi verið á gólfinu í frystiherberginu, og kveður það sig minna, að gólfið hafi verið nokkuð sleipt vegna einhvers konar feiti eða olíu, er komið hafi frá einu lyftitækinu. Vegna bleytunnar á gólfinu og þrengslanna, sem þarna voru, hafi þurft að gæta fyllstu varúðar. Fyrir dómi kveðst vitnið ekki muna nánar, hvar feiti eða olía hafi verið á gólfinu eða hvort þeir hafi veitt því athygli fyrir eða eftir slysið, að feiti var á gólfinu.

Vitnið *Páll Arnar Pétursson* skýrir svo frá, að við framkvæmd á slíku verki, er þeir félagar unnu að umrætt sinn, sé ýmist, að skráfjárninu sé beint upp, niður eða til hliðar. Fari það alveg eftir því, hver aðstaðan sé við hverja klemmu. Vitnið segir, að gólfið

í frystiherberginu hafi verið rennblautt, en það kveðst aftur á móti ekki geta um það sagt, hvort nokkur olía eða feiti voru á gólfinu, þar sem stefnandi var staddur, er hann varð fyrir slysinu. Hafi hann og ekki veitt því sérstaka athygli. Vitnið tekur þó fram, að því finnist trúlegt, að einhver olía hafi verið þarna á gólfinu, því að mjög sé algengt, að olía smiti frá tækjum og einnig, að olía komi undan pönnunum, þegar verið sé að skipta um þær, svo sem þeir hafi þá nýlega verið búnir að gera, er slysið varð.

Stefnandi kveðst hafa legið í sjúkrahúsi 2 mánuði eftir slysið og gengið til læknis jafnlangan tíma, eftir að hann kom af sjúkrahúsinu. Eftir það kveðst hann hafa farið að vinna. Hinn 1. apríl 1959 var örorka stefnanda af völdum slyssins metin af Bergþóri Smára lækni. Var stefnandi metinn 20% varanlegur öryrki. Hinn 17. apríl 1959 var áætlað atvinnutjón stefnanda, miðað við 20% varanlega örorku, reiknað út af Guðjóni Hansen cand. act. Reiknaðist honum verðmæti þess nema kr. 166.007.00, ef lagt var til grundvallar kaup járnsmíðs, en kr. 180.416.00, ef miðað var við meðaltekjur kvæntra iðnaðarmanna á árunum 1951—1957 samkvæmt rannsókn á þeim, er framkvæmd hefur verið á vegum Hagstofu Íslands.

Stefnandi er ókvæntur. Hann er talinn fæddur 3. júní 1939 og hefur því verið 19 ára gamall, er hann varð fyrir slysinu. Hann hafði þá verið tvö ár við nám í iðngrein sinni.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að stefndi beri óskipta fébótaábyrgð á tjóni hans af völdum slyssins. Í stefnu málsins færir hann að þessu þau rök, að stefndi hafi haft framkvæmd verks þess á hendi, er hann vann að, er hann slasaðist, og forráðamenn stefnda séð um alla tilhögun verksins, en hann verið starfsmaður stefnda. Þess sé og að gæta, að hann hafi verið nemi í iðn sinni hjá stefnda, og af þeim sökum hafi forráðamönnum fyrirtækisins og verkstjórum borið sérstaklega rík skylda til að leiðbeina honum, fylgjast með störfum hans og benda honum á hættur, er þeim kynnu að vera samfara. Við munnlegan flutning málsins voru þessi atriði ítrekuð og þá jafnframt vitnað til 5. gr. laga nr. 23/1952. Þá var og lögð áherzla á það, að olía hafi verið á gólfinu í frystiherberginu, sem stefnandi hafi ekki átt kost á að varast, en þessi olía á gólfinu hafi verið aðalorsök slyssins.

Stefndi reisir sýknukröfuna á því, að slysið verði eingöngu rakið til ógætni stefnanda sjálfs og hreinnar slysní. Að því er fyrra atriðið varðar, bendir stefndi á aðferð stefnanda við verk-

ið: Að hann hafi skrúfað upp fyrir sig, enda þótt honum hafi verið í lófa lagið, að beina skrúfjárninu á hvern annan veg sem var. Viðurkennt er, að gólfið í frystiherberginu hafi verið blautt af vatni, en á hinn bóginn er því mótmælt, að feiti eða olía hafi verið á gólfinu. Yrði ekki á þau mótmæli fallizt, er því haldið fram, að stefnandi hafi átt þess hægan kost að varast að stíga þar niður, sem olía var á gólfinu.

Dómendur hafa kynnt sér aðstæður í frystiherberginu, þar sem stefnandi slasaðist, en í aðalatriðum er þar óbreytt umhorfs frá því, sem var, er slysið varð. Stefnandi var viðstaddur athugun dómenda á vettvangi og sýndi þeim, eftir því sem minni hans leyfði, hvernig hann hafði borið sig að við verk sitt. Verk þetta er einfalt og vandalítið og krefst mjög lítillar kunnáttu. Nokkuð er misjöfn aðstaðan við að skrúfa hinar einstöku klemmur, og verður því skrúfjárninu ekki alltaf beitt eins. Á það einkum við um efstu klemmurnar, sem eru í rúmlega meðalmanns hæð frá gólfi. Aðstaðan við hverja klemmu ræður þannig mestu um það, hvernig skrúfjárninu verður auðveldast beitt. Stefnandi kveðst hafa beitt skrúfjárninu skáhallt upp og frá sér. Virðist sú beiting skrúfjárnsins ekki hafa verið óeðlileg, þegar þess er gætt, að hann var þá að herða eina af efstu klemmunum. Slysið verður því ekki rakið til þess, að beitt hafi verið rangri vinnuaðferð, enda er það iðulega svo, að ekki verður hjá því komizt, að beita skrúfjárninu upp fyrir sig að einhverju eða öllu leyti. Vatnsagi nokkur var á gólfi frystiherbergisins, og líkur eru færðar að því, að einhver brögð hafi verið að því, að feiti eða olía væri á gólfinu. Við slíku má ávallt búast á stað sem þessum. Og er ekki við neinn um slíkt að sakast. Allar líkur eru til þess, að ástand gólfsins að þessu leyti hafi valdið því, að stefnandi rann til með þeim afleiðingum, að skrúfjárninu geigaði af skrúfuhlausnum. Stefnandi var að vísu nemi hjá stefnda á þessum tíma, en var þá orðinn 19 ára gamall og hafði að baki tveggja ára verklegt nám í iðngrein sinni. Stefnandi hafði ekki orðið þess var, er slysið varð, að hált væri á gólfinu, og eigi virðist hafa verið brýnt sérstaklega fyrir honum umrætt sinn að vera við slíku búinn, en með tilliti til reynslu hans og aðstæðna þarna mátti gera ráð fyrir, að honum væri slíkt ljóst. Að öllu athuguðu eru ekki efni til að sakast við neinn um slys þetta, hvorki forráðamenn stefnda, starfsmenn hans né stefnanda sjálfan. Verður slysið eigi til annars rakið en hreinnar slysni. Að svo vöxnu máli eru ekki skilyrði til að leggja á stefnda

fébótaábyrgð á slysinu og tjóni stefnanda af þess völdum. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður. Málflutningslaun skipaðs málflutningsmanns stefnanda, Harðar Ólafssonar héraðsdómslögmanns, er þykja hæfilega ákveðin kr. 5.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm ásamt meðdómendunum Þorsteini Loftssyni vélfræðiráðunaut og Þorvaldi Brynjólfssyni járnsmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Vélsmiðjan Héðinn h/f, er í máli þessu sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar Jóhanns Ingibergssonar.

Málskostnaður falli niður.

Málflutningslaun skipaðs málflutningsmanns stefnanda, Harðar Ólafssonar héraðsdómslögmanns, kr. 5.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Mánudaginn 16. október 1961.

Nr. 93/1961. **Ákærvaldið** (Gísli G. Ísleifsson hdl.)
 gegn
Jóni Óskari Jónssyni
 (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,
 Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Theo-
 dór B. Línal.

Bifreiðar. Ákæra um brot gegn áfengislögum og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Atburðir þeir, sem mál þetta er af risið, gerðust 22. júlí 1959. Lögreglumenn, er þá fjölluðu um mál ákærða, létu undir höfuð leggjast að hlutast til um rannsókn áfengismagns í blóði hans, sbr. 54. gr. laga nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála, 25. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Þá virðist athugun lögreglu-